



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bættar göngu- og hjólatengingar í austanverðri Öskjuhlíð, við vestanverðan Bústaðaveg

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. september 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að göngu- og hjólatengingar í austanverðri Öskjuhlíð, við vestanverðan Bústaðaveg, verði bættar og gerðar greiðfærar og tengi þannig saman stíga við Varmahlíð og Flugvallarveg. Jafnframt er lagt til að úrbætur verði gerðar við strætóbiðstöðina Perluna við vestanverðan Bústaðaveg, sem er ein fjölfarnasta biðstöð erlendra ferðamanna í Reykjavík. Tengja þarf biðstöðina við göngustígakerfi Öskjuhlíðar með góðum göngu- og hjólastíg og setja upp skýrar merkingar, sem vísa ókunnugum beina leið upp að sjálfri Perlunni, sem er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Flókin stígamót útivistarstíga taka við þar sem gangstéttina við biðstöðina þrýtur og erfitt fyrir ókunnuga að átta sig á réttri gönguleið upp að Perlunni.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samganga og borgarhönnunar þann 4. október 2023.

Umsögn:

Nýr göngustígur hefur verið gerður sem liggur frá Perlunni að Flugvallarvegi en sá stígur hefur bætt leiðina töluvert fyrir þá sem ferðast þar um. Verið er að hanna tröppur fyrir ofan biðstöð Strætó við Bústaðaveg til móts við Litluhlíð og lagfæringar á stígum þar. Einnig er í vinnslu gerð „Perlufestinnar“ sem tengist stígakerfi umhverfis Perluna og í Öskjuhlíðinni.


Einnig er framundan gerð nýrrar hjóla- og gönguleiðar meðfram Skógarhlíð sem mun betur leiða ferðamenn eftir góðu stígakerfi að Perlunni um undirgöng við Litluhlíð, en áætlað er að framkvæmdir við hann hefjist á næsta ári.



Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjálagtt:

1. Yfirlitsmynd af fyrirhugðum stíg frá Bústaðaveg að Perlunni
2. Yfirlitsteikning af Perlufestinni
3. Yfirlitsmynd af stíg frá Flugvallavegi að Perlunni



1. Yfirlitsmynd af fyrirhugðum stíg frá Bústaðaveg að Perlunni



2. Yfirlitstekning af Perluferðastígi



3. Yfirlitsmynd af stíg frá Flugvallavegi að Perluferðastígi